

Viðtöl við sálfræðing

Fræðsluskrifstofa í Sveitarfélaginu Húnabyggð er með samning við sálfræðinga sem sinna viðtölum á svæðinu. Þjónustan er í umsjón Fræðsluskrifstofu. Einnig fara allar tilvísanir/beiðnir til fræðsluskrifstofu.

Ferlið er eftirfarandi:

- Umsjónarkennari/-ar sendir inn tilvísun/beiðni, í samstarfi við foreldra, til nemendaverndarráðs sem tekur hana fyrir.
- Eftir að nemendaverndarráð hefur tekið tilvísunina fyrir er gerð formleg beiðni, sem foreldrar þurfa að undirrita, til fræðslustjóra sem áframsendir til sálfræðings.
- Þegar komið er að barninu hjá sálfræðingi boðar hann barn og foreldra, ef við á.
- Í framhaldi af viðtali fá foreldrar og skóli, upplýsingar um framhaldið frá sálfræðingi. Þ.e. hvort þörf sé á áframhaldandi viðtalsmeðferð.
- Í boði er að barnið fari í viðtöl á skólatíma, í gegnum fjarfundarbúnað (Kara connect). Sálfræðingur finnur tíma í samráði við deildarstjóra stoðþjónustu.
- Foreldrar eða barn geta einnig kosið að viðtöl fari fram utan skólatíma, í gegnum fjarfundarbúnað. Sú beiðni þarf að koma fram í upphafi svo sálfræðingur geti í samstarfi við foreldra fundið heppilega tímasetningu.
- Foreldrar geta einnig kosið að fara til sálfræðings, en gera það þá á eigin kostnað (ferðir) og í samráði við sálfræðing.

Aðkoma Húnaskóla að viðtölum:

Húnaskóli býður upp á aðstöðu í skólanum, til þess að sem minnst röskun verði á námi nemenda sem og að einfalda aðgengi eins og kostur er. Tímarnir fara að öllu jöfnu fram á skólatíma nemenda en það er umsemjanlegt í samráði við sálfræðing, eins og áður hefur komið fram. Starfsmaður Húnaskóla aðstoðar barn við að tengjast fjarfundarbúnaði. Ef barn óskar eftir því, situr starfsmaður Húnaskóla (þroskaþjálfari) tímann með honum, en er þá með tónlist eða annað í eyranu svo hann heyri ekki hvað fer á milli barns og sálfræðings.

Deildarstjóri stoðþjónustu á í samskiptum við sálfræðing og er upplýstur um stöðu nemenda. Þó aldrei svo, að deildarstjóri viti hvað fer fram í viðtölum, heldur hvort þörf sé á áframhaldandi viðtölum eða hvort að rétt sé að taka hlé.